

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýja útgáfu á yfirsetukvennafræði eptir Levy.

1867.
14. sept.

Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar í bréfi, dagsettu 28. febrúarmán. þ. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað með bréfi 5. júnímán. s. á. álitsskjal frá Hjaltalin, jústizráði og landlækni, um nýja fyrirhugaða útgáfu, breytta og sèr í lagi stytta, af íslenzku útlekkingunni á kennslubók Levys prófessors handa yfirsetukonum, og hafið þér ítarlega skýrt frá áleti yðar um málefni þetta. Dómsmálastjórnin hefir þvínæst aptur ritað hinu konunglega heilbrigðisráði um málið, og hefir það skýrt frá í bréfi 16. f. m., að því enn sem fyr virðist ísjárvert, að þýðaranum sè falið á hendur að gjöra neinar breytingar í yfirsetukvennafræði Levys, en að það aptur á móti verði að leggja til með, að útlekkingin sè gjörð eptir seinustu útgáfunni af bókinni, án þess reynt sè til að endurbæta hana.

Þetta skal yður hér með tilkynnt, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, og til þess að þér kunngjörið það, og virðist dómsmálastjórninni fyrir sitt leyti réttast, að farið sè eptir uppástungu heilbrigðisráðsins í þessu efni.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

17. sept.

Með bréfi dagsettu 18. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem hreppstjórnir í Helgastadahrepp í Þingeyjarsýslu áfrýja til stjórnarráðsins úrskurði, er þér hafið kveðið upp 26. júnímán. 1865, og fer því fram, að Jónas Ólafsson sveitarómagi frá Kraunastöðum eigi sveit á fyr nefndum hreppi.